



Reglur um úthlutun samfélagsstyrkja í Kjósarhreppi

1. Markmið

Markmið samfélagsstyrkja Kjósarhrepps er að styrkja og styðja einstaklinga, frjáls félagasamtök, stofnanir og hópa. Styrkjunum er ætlað að stuðla að frumkvæði og samheldni í samfélagsverkefnum og virkja þann samfélagsauð sem sveitafélagið býr yfir.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a. vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrannavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að styrkir standi undir rekstrarkostnaði. Leitast skal við að veita styrki til verkefna sem falla að hlutverki sveitarfélagsins eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun.

2. Árlegt framlag

Sveitarstjórn ákveður í fjárhagsáætlun ár hvert þá upphæð sem leggja skal til samfélagsstyrkja. Styrkupphæðir ár hvert ráðast af þeirri ákvörðun.

3. Um meðferð og afgreiðslu umsókna

Sveitarstjóri auglýsir eftir umsóknum um samfélagsstyrki einu sinni að vori og einu sinni að hausti. Úthlutað er tvisvar á ári á fundi sveitarstjórnar, fyrri skiptið í apríl og það seinna í október.

Sveitarstjórn getur falið fastanefnd að sjá um úthlutanir.

Verkefni/atburðir skulu eiga sér stað á almanaksárinu sem styrkveiting fer fram.

Verkefni/atburðir mega ekki vera að þiggja aðra styrki frá sveitarfélaginu.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á styrkfé ef gefnar hafa verið upp rangar upplýsingar í umsókn eða verkefni ekki framkvæmt eins og gögn hafa gefið til kynna.

Heimilt er að hafna umsóknum.

Styrkur er greiddur út að verki loknu þegar reikningar ásamt greinargerð, hafa borist til skrifstofu sem staðfesta framkvæmd verksins.

4. Afgreiðsla umsókna

Sækja skal um á heimasíðu Kjósarhrepps, kjos.is, á rafrænu umsóknareyðublaði undir **Mínum síðum**.

Mikilvægt er að greinagóðar upplýsingar komi fram í umsókn um tilgang, tímasetningu og fjárhagsáætlun verkefnisins.

Heimilt er að vísa frá umsóknum ef fullnægjandi upplýsingar koma ekki fram.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykktar í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 3. september 2025.

Kjósarhreppi, 3. september 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri